# MOLAR

Saga framþróunarinnar er saga sigurs yfir erfiðleikum, er virðast óyfirstíganlegir. Maðurinn er maður vegna þess að hann hefir altaf verið að gera hið ómögulega—eða það sem hugleysi og heimsku sýnist ómögulegt.—*W. E. Simonds*

Að lifa er ekki í því innifalið að njóta dagsins og gleyma er nóttinn kemur; heldur í því að hafa vakandi samvizku, óeigingjarnt hjartalag, gjöfula hönd, huga sem stöðugt leitar sannleikans.—*Martineu*

Maðurinn er frjáls í hlutfalli við sinn eigin mátt og siðferðislegt val. Fastastjarnan, en ekki ljómandi halastjarna eða glóandi vígahnöttur, er ímynd hins sannasta frjálsræðis.—*Celia Parker Woolley.*

Einn dapran og leiðinlegan dag, þegar dimmt var í lofti og yfir sál minni, og kraftarnir þrotnir, spurði ég hryggur: "Mun ég nokkurn tíma verða ungur og hraustur aftur?" Svarið kom líkt og hugljúf og hvetjandi innri rödd: "Eg skal aldrei verða öðruvísi en ungur og hraustur." Hvað gat eitt fjúkandi ský breytt hinum eilífu fyrirheitun guðsbarns og erfingja?—*Charles A. Ames.*

**HEIMIR**

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenzka Únítaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFND:

Rögnv. Pétursson, Hannes Pétursson, G. J. Goodmundson, Guðm. Arnason, Friðrik Sveinson, Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 577 Sherbrooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank. 577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER.